

Umboð núverandi stjórnar lánasjóðsins helst óbreytt þar til ný stjórn hefur verið kjörin á fyrsta ársfundi hans.

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu afborgana og vaxta af lánum úr lánasjóðnum, sem tekin voru fyrir gildistöku laga þessara, á réttum gjalddaga, og getur ráðherra þá greitt vanskilin af framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eftir því sem til vinnst. Sama gildir um greiðslur sem Lánasjóður sveitarfélaga kann að hafa innt af hendi vegna ábyrgða sem hann hefur tekist á hendur skv. 10. gr. laga nr. 35/1966.

Lánasjóður sveitarfélaga skal innan mánaðar frá gildistöku laga þessara sækja um starfsleyfi sem lánafyrirtæki skv. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, sbr. einnig 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. sömu laga. Sjóðnum er heimilt að starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykktum um sjóðinn þar til ákvörðun um veitingu starfsleyfis liggur fyrir.

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en við árslok 2008.

*Gjört í Reykjavík, 20. desember 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

*Árni Magnússon.*

Nr. 137

21. desember 2004

## LÖG

### um afnám laga nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar  
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,  
*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Frá og með 1. janúar 2005 falla lög nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum, úr gildi.

2. gr.

Frá og með 1. janúar 2005 skal Lífeyrissjóður sjómanna starfa á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, og samþykktar er fyrir sjóðinn gilda. Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga nr. 129/1997 og leggja þær þannig breyttar fyrir fjármálaráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laganna, svo fljótt sem auðið er.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. desember 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

*Geir H. Haarde.*